

ar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagði laga-aðför.

Mánudaginn 29. nóvembermán.

Nr. 23/1897:

Kristján Kristjánsson

gegn

Jóni Gíslasyni Steinhólmi.

### D ó m u r :

Með sáttagjörningi 9. marz 1895 skuldbatt stefndi sig til að selja áfrýjandanum fyrir tiltekið kaupverð 10 hndr. f. m. úr eignar- og ábýlisjörð sinni Norður Botni, með  $1\frac{2}{3}$  ásaudarkúgildi og öllum húsum og mannvirkjum, er þar stæðu, eins og þau þá fyrirfundust, nema hvað hann lofadi að endurbæta skörð, er fallin voru í túngardinn. Í fardögum s. á. hafði áfrýjandi uppfyllt kaupsamninginn að sínu leyti með greiðslu kaupverðsins, og var það tilætlunin, þó að ekkert væri beint um það ákveðið í kaupgjörningnum, hvenær jörðin ætti að afhendast, að áfrýjandinn tæki þá við umráðum hiuna seldu jarðarhundraða, enda hafði hann byggt þau nýjum ábúanda fyrir hið í hönd farandi fardagaár, 1895—96. Vegna seinkunar á ferð standferðaskipsins komst hinn nýi ábúandi þó eigi fyr en 17. júní s. á. að jörðinni, og voru þá nefnd 10 hndr. afhent honum af stefnda, en án úttektar, en 27. s. m. framkvæmdi hreppstjóri sem hlutadeigandi úttektarmadur ásamt öðrum manni í forföllum hins úttektarmannsins skipti

samkvæmt beiðni áfrýjanda á landi jarðarinnar, því er selt var áfrýjanda og hinn nýji ábúandi skyldi taka við, og hinu, er stefndi hjelt áfram ábúd á, og mátu þá úttektarmenn þessir við sama tækifæri eptir beiðni áfrýjanda, hvað kosta myndi að hlada upp í skörð þau, er voru í túngarðinum, og töldu það 18 kr., og enn fremur mátu þeir, að við vantadi í svo nefndan »Hjallhúskofa« fyrir 2 kr. 50 a. Undir þessa skiptagjörð og matsgjörð skrifuðu þeir málspartarnir báðir, ásamt úttektarmönnunum.

Þegar til kom, þótti áfrýjanda stefndi eigi fullnægja sem skyldi sátta- eða kaupgjörningnum frá 9. marz 1895, að því er snerti afhendingu hinna seldu 10 hundraða í Norður-Botni, og höfðaði því mál þetta gegn stefnda og krafðist upp-bótar eða álags fyrir það, að eigi hefði verið hlaðið upp í skörð í túngarðinum, og að þrem af kúgildisánum var skilað lamblausum, sömuleiðis fyrir vantandi við úr nausti við sjóinn, er stefndi hefði tekið þaðan, og fyrir vantandi jötustokka úr tveim fjárhúsum. Gekk dómur í málinu fyrir aukarjetti Barðastrandarsýslu 5. des. f. á. og var stefndi dæmdur til að bæta áfrýjanda tvö lömbin, er fylgja áttu kúgildisánum, með 4 kr. 72 a. hvort og vantandi við úr naustinu (Hjallhúskofanun) með 2 kr. 50 a., samtals 11 kr. 94 a. Málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. maí þ. á., og krafizt þess, að dóminum verði breytt samkvæmt

kröfu hans fyrir undirdóminum og að stefndi því verði dæmdur til að greiða honum alls 36 kr. 66 a. og auk þess málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati dómsins. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum rjettum hjá áfrýjanda.

Stefndi hefur vidurkennt, að hann ætti að bæta fyrir við, er hann tók úr svokölluðum Hjallhúskofa, 2 kr. 50 a., og sömuleiðis að hann ætti að bæta upp 2 ærnar, sem lamblausar voru, enda hefur hann af undirdómaranum verið dæmdur til að bæta þetta. Aptur hefur hann eigi álitid sjer skylt að bæta áfrýjanda lambid, er fylgja átti 3. kúgildisánni, með því að tóan hafi drepid það 10. júní 1895 eða eptir þann tíma, er áfrýjandi átti að vera búinn að taka við jörð og ám. Að visu sjest það einnig af málinu, að það var fyrir ósk áfrýjanda, vegna þess að hinn nýi ábúandi á hundrudunum var eigi kominn, að afhending jarðar og kúgilda var frestað nokkuð fram yfir fardaga (til 17. júní), en allt fyrir það hlaut hvortveggja að vera áfram í ábyrgð stefnda, þar sem hann eigi gjörði neitt til þess að losa sig við ábyrgðina á því, en áfrýjandi hefur neitað, að stefndi hafi áskilid sjer ábyrgðarleysi fyrir vanhöldum, og vefengt það jafnvel, að lambid hafi tapast á þann hátt og á þeim tíma, er stefndi hefur tilgreint. Það verður fyrir því að skylda stefnda til að bæta áfrýjanda umrætt lamb á sama hátt og hin önnur 2, eða með 4 kr. 72 a.

Hvað endurbætur á skörðum í túngarðinum snertir, þá er þess getið í tyrneföðri skiptagjörð 27. júní 1895, sem stefndi hefur ritað nafn sitt undir sem viðstaddur gjörðina og samþykkur henni, að stefndi hafi þá (27. júní) eigi enn verið búinn að endurbæta skörðin og að hæfilegt álag í því skyni sje 18 kr., og verður stefndi samkvæmt viðurkenning þeirri, er í undirskript hans liggur, að dæmast til að greiða áfrýjanda hið metna álag, 18 kr. Hvað bætur fyrir vantandi jötustokka áhrærir, verður aptur á móti eigi tekin til greina krafa áfrýjanda, því að það er ósannað með öllu, að nokkrir jötustokkar hafi fylgt fjárhúsunum, er þau voru seld, og húsin voru seld í því ástandi, er þau þá voru í.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 34 kr. 66 a. og er undirrjettardóminum breytt að þessu leyti. Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað í hjeradi samþykkjast, en í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að stefndi greiði áfrýjanda 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Jón Gíslason Steinhólm greiði áfrýjandanum Kristjáni Kristjánsyni 34 kr. 66 a. — þrjátíu og fjórar krónur 66 a. — Á því málskostnað í hjeradi snertir, á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda 20 — tuttugu — krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn hinn 13. desembermánaðar.

Nr. 36/1897:

Hið opinbera  
gegn

Guðmundi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með brjefi amtmannsins yfir Suðuramtinu, dags. 11. maí þ. á., sem þinglýst var á manntalsþingi síðastliðið vor í Vatnsleysustrandarhreppi, var staðfest og ítrekað bann sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, er hann hafði útgefið 7. jan. þ. á. gegn því að hreppsúar í Vatnsleysustrandarhreppi færu út í útlend botnvörpuskip, er eigi væru búin að sýna lögreglustjóra skjöl sín í þeirri ferð ad landinu frá útlöndum. Eptir að bann þetta var útgefið og birt, fór kærði Guðmundur bóndi Guðmundsson á Auðnum, 4. júlí þ. á., við sjöunda mann út í útlent botnvörpuskip, og fjekk hjá skipverjum fisk, sem þeir gáfu honum eða seldu, og flutti hann síðan fiskinn í land. Var höfðað mál móti kærða fyrir þetta og var það dæmt í lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 19. júlí þ. á. þannig, að kærði var fyrir óhlýðni við fyrjtjéð bann og »lög þau, er það byggist á«, svo og fyrir hlutdeild í broti gegn fyrir-mælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, dæmdur í 50 kr. sekt til lands-